

Ed.

137. Frumvarp til laga

[133. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Landssmiðjuna.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja hlutafélaginu Landssmiðjunni hf., Reykjavík, ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

2. gr.

Heimilt er að lána kaupanda hluta af söluandvirði með verðtryggðum kjörum til allt að 10 ára gegn þeim tryggingum, sem ráðherra metur gildar.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1985 og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 102 23. júní 1936, um Landssmiðju, með síðari breytingum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1. Aðdragandi

Í febrúar 1984 var Helga G. Þórðarsyni, verkfræðingi, falið að gera forkönnun á rekstri og rekstrargrundvelli Landssmiðjunnar. Markmið könnunarinnar var m. a. að auðvelda ákvörðun umfangs áframhaldandi úttektar á fyrirtækinu og aðstoða starfsmenn við að meta möguleika þeirra á að kaupa fyrirtækið. Úttekt þessari, sem unnin var í samvinnu við stjórnendur og starfslíð fyrirtækisins, var lokið í júní 1984. Helztu niðurstöður voru þessar:

- „1. Ekki er nauðsynlegt að ríkið eigi og reki fyrirtækið til þess að markmiðum þess verði náð.
2. Viðskipti Landssmiðjunnar eru dreifð á marga aðila og verkefni fjölbreytt. Viðskipti ríkisfyrirtækja voru 35% af heild árið 1983. Þáttur innflutningsverzlunar var um 40% 1983. Aukning viðskipta frá þeirri lægð, sem verið hefur, er töluvert bundin velgengi í sjávarútvegi og auknum virkjanaframkvæmdum.
3. Verkefni framleiðsludeilda voru 1983:

Framleitt eftir reikningi	55%
Tilboðsverk	38%
Framleitt á lager	7%
4. Tekjuafgangur án verðbreytingafærslna og aukafyrninga varð:

1981 + 1 878 þús. kr.
1982 ÷ 2 100 þús. kr.
1983 ÷ 3 811 þús. kr.

Stofn til verðbreytingafærslu myndast af lántökum vegna framkvæmda við Skútuvog 7 og því óviðkomandi rekstri Landssmiðjunnar þessi ár.

5. Orsaka hallans er að leita í versnandi ytri skilyrðum í málmiðnaði. Harðnandi samkeppni hefur leitt til naumari tilboða og halla á tilboðsverkum. Hugsanlega hefði mátt bregða við með því að draga saman seglin.
6. Forsendur fjárfestingar að Skútuvogi 7 hafa brostið með því að horfið var frá áformum um skipaverkstöð við sundin.
7. Fela þyrfti rannsóknarstofnunum (Fiskiðnaðarins eða Iðntækni) að leiða til lykta tilraunir með nýja gerð fiskimjölsverksmiðju.
8. Framlegðarstig einstakra deilda sýnir lakasta útkomu í plötusmiðju. Hún hefur hæst hlutfall tilboðsverka, 60%.“

Á grundvelli forkönnunarinnar ályktaði rekstrarráðgjafinn að til þess að rétta við reksturinn þyrfti að ná fram eftirfarandi breytingum:

- „1. Auka heildarálagningu í vörusölu með því að
 - a) Hækka álagningarhlutfall
 - b) Selja aukið vörumagn í verðgildi taliðAf þessu tvennu er lítið svigrúm til hækkunar álagningarhlutfalls. Hins vegar benda líkur til að auka megi sölumagn með því að endurskipuleggja aðstöðu og starfsháttu.
2. Auka heildarframlegð framleiðsludeilda með því að
 - a) Fá meiri verkefni
 - b) Auka framleiðniAf þessu tvennu er lítið svigrúm til aukinna verkefna eins og er. Er það fyrst og fremst gengi sjávarútvegsins um þessar mundir, sem takmarkar þá möguleika. Það er því eina leiðin að auka framleiðni. Raunhæfir möguleikar til árangurs eru í því efni.
3. Minnka kostnað þjónustudeilda
Forystumenn Landssmiðjunnar hafa bent á að ná megi fram töluverðum sparnaði í mannhaldi með því að sameina birgðarými og afgreiðslu á einn stað, þar með talin vörusala. Þessar hugmyndir verða að teljast raunhæfar og æskilegar. Jafnframt þarf að koma á betri birgðastýringu og stefna að minni fjárbindingu í vörubirgðum.
4. „Annar kostnaður“, sem svo er kallaður í ársreikningi, er kostnaður við yfirstjórn og annar sameiginlegur kostnaður í fyrirtækinu. Yfirstjórn og skipulag er í sniðum fyrir stærra fyrirtæki eins og Landssmiðjan var fyrir nokkuð löngu síðan. Sniða þarf skipulag og mannhald betur að núverandi og framtíðarþörfum. Líklegt er að ná megi fram einhverjum sparnaði.“

Í tengslum við úttekt þessa og samhliða endurskipulagningu á rekstrinum hófust óformlegar viðræður milli fulltrúa starfsmanna og iðnaðarráðherra um möguleika á sölu á fyrirtækinu til starfsmanna.

Hinn 8. marz 1984 stofnuðu 52 af starfsmönnum Landssmiðjunnar félag til að kanna grundvöll að samkomulagi við Iðnaðarráðuneytið um kaup á Landssmiðjunni, kanna rekstrargrundvöll hins nýja fyrirtækis og kynna félagsmönnum niðurstöður kannana. Þá var félaginu falið að undirbúa stofnsamning hlutafélags ef niðurstöður bentu til þess að kaupum gæti orðið.

Í stjórn félagsins voru kosnir eftirtaldir menn:

Formaður : Sigurður Daníelsson
Ritari : Þorleifur Markússon
Meðstj. : Jón Hallgrímsson
" : Pétur Grímsson
" : Tryggvi Benediktsson

Félagið fól stjórninni umboð sitt til viðræðna og samningsgerðar við Iðnaðarráðuneytið varðandi kaup starfsmanna á Landssmiðjunni með fyrirvara um samþykki félagsfundar. Með bréfi til iðnaðarráðherra, dags. 9. marz 1984, óskaði stjórn félagsins eftir viðræðum um kaup á fyrirtækinu.

Með bréfi, dags. 15. marz 1984, skipaði iðnaðarráðherra eftirtalda þrjá menn í nefnd til að annast viðræður um sölu Landssmiðjunnar:

Halldór J. Kristjánsson, deildarstjóra í Iðnaðarráðuneyti, formann,
Gunnlaug Claessen, deildarstjóra í Fjármálaráðuneyti, og
Guðmund Malmquist, hdl., Framkvæmdastofnun ríkisins.

Með nefndinni hefur starfað Helgi G. Þórðarson, verkfræðingur.

Nefndin hefur aflað upplýsinga um eignir Landssmiðjunnar og aðra þætti er varða söluverð fyrirtækisins, svo sem um rekstrarhorfur, ástand véla og tækja, viðskiptavild og horfur í málmiðnaði almennt.

Nefndin átti allmarga fundi með ofangreindri viðræðunefnd félags starfsmanna og 13. júlí sl. náðist samkomulag um meginþætti í kaupsamningi milli aðila. Þegar samningsgrundvöllur þessi lá fyrir ákváðu 23 starfsmenn Landssmiðjunnar að ganga til samstarfs í hlutafélagi, sem hlaut nafnið Landssmiðjan hf., með það fyrir augum að ganga til lokasamninga um kaup á Landssmiðjunni og var við það miðað að yfirtaka á rekstrinum færi fram þann 1. janúar 1985. Á fundi ofangreindra starfsmanna 25. júlí 1984 voru eftirtaldir kosnir í undirbúningsstjórn fyrir hið væntanlega hlutafélag:

Sigurður Daníelsson (stjórnarformaður),
Þórður G. Guðlaugsson,
Þorleifur Markússon,
Tryggvi Benediktsson og
Finnbogi Jónsson.

Undirbúningsstjórn þessi og viðræðunefnd ríkisins áttu síðan nokkra fundi í ágústmánuði og var frá texta kaupsamningsins gengið á viðræðufundi 23. ágúst 1984.

Stofnfundur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf. var haldinn 13. september 1984 og voru stofnendur 23 starfsmenn Landssmiðjunnar. Hlutafé var ákveðið kr. 4 020 000, og skrifuðu stofnendur sig fyrir hlutum á bilinu kr. 100 000 til kr. 210 000 hver. Í stjórn hins nýstofnaða hlutafélags voru kosnir eftirtaldir menn:

Þorleifur Markússon, formaður
Guðmundur Finnbjörnsson,
Þórður G. Guðlaugsson,
Finnbogi Jónsson og
Sigurður Daníelsson.

Kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar hf. var undirritaður með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis hinn 20. september 1984 og er kaupsamningurinn, ásamt fylgiskjölum, fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Með frumvarpi þessu er lagt til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að selja hinu nýstofnaða hlutafélagi ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna.

2. Kaupsamningur um Landssmiðjuna

Meginatriði kaupsamningsins eru:

- a) Ríkissjóður selur hlutafélaginu Landssmiðjunni hf. ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum, sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum, hlutabréfum í Tollvörugeymslunni hf. og viðskiptakröfum eins og þær verða þann 31. desember 1984 og er kaupverð kr. 22 115 638,00.
Undanskilin sölunni eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands hf. og Sameinuðum verktökum hf., tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar síðastliðin ár, og fasteignir Landssmiðjunnar.
- b) Kaupverðið greiðist þannig, að kaupverð véla og tækja og viðskiptavild greiðist með 20% útborgun, en eftirstöðvar eru lánaðar með verðtryggðum kjörum til 8 ára. Viðskiptakröfur greiðast með yfirtöku viðskiptaskulda og andvirði vörubirgða greiðist með verðtryggðu skuldabréfi til 4 ára.
Lán vegna kaupanna eru tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum.
- c) Áskilið er af hálfu ríkisins að hlutafé í Landssmiðjunni verði eigi minna en kr. 4 000 000. Þar sem hið nýja félag kaupir ekki fasteignir Landssmiðjunnar hefur seljandi skuldbundið sig til að veita kaupanda veðleyfi í núverandi fasteignum Landssmiðjunnar að fjárhæð allt að kr. 4 000 000. Slíkt veðleyfi verður aðeins veitt vegna efnis, tækja og vélakaupa, sem fasteignaveðs er krafizt fyrir, og þá með baktryggingu í hinum keyptu vörum.
- d) Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda núverandi fasteignir Landssmiðjunnar til allt að 15 ára. Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af hálfu kaupanda með árs fyrirvara.
- e) Seljandi skuldbindur sig til að beita sér fyrir því að erlendir aðilar, sem Landssmiðjan hefur umboð fyrir, veiti samþykki sitt fyrir því að umboðin verði yfurfærð til Landssmiðjunnar hf.
Samþykki helztu erlendra viðskiptaaðila Landssmiðjunnar á yfurfærslu umboða til Landssmiðjunnar hf. liggur nú fyrir.
- f) Seljandi mun beita sér fyrir því að núverandi verkefni Landssmiðjunnar fyrir ríkisfyrirtæki og stofnanir haldist óbreytt a. m. k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan hf. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar verð og gæði.
- g) Miðað er við að yfirtaka starfsmanna á rekstrinum fari fram 1. janúar 1985.

3. Nánar um greiðslukjör

Við samninga um greiðslukjör hefur verið tekið mið af þeim kjörum, sem fjármálaráðuneytið hefur boðið í almennu útboði á hlutabréfum í 15 ríkisfyrirtækjum, sbr. auglýsingu dags. 7. desember 1983, þ. e. hvað varðar greiðslu á varanlegum eignum.

Greiðslukjör á vörubirgðum miðast við áætlaðan veltuhraða birgðanna. Eins og áður sagði eru síðan viðskiptakröfur greiddar með yfirtöku viðskiptaskulda, sem eru álíka fjárhæðir.

4. Nánar um kaupverð

Vegna ákvörðunar á kaupverði véla og tækja var framkvæmt ítarlegt mat á öllum tækjum og vélum Landssmiðjunnar af fulltrúum beggja aðila (sjá fylgiskjal með frumvarpi þessu). Hafa ber í huga að vélar, verkfæri og önnur tæki Landssmiðjunnar eru mörg hver úrelt orðin.

Mat á viðskiptavild er í eðli sínu vandasamt. Fyrirtækið hefur einkaumboð hér á landi fyrir nokkra erlenda framleiðendur og hefur verzlunarþátturinn í rekstri fyrirtækisins aukizt hin síðari ár. Þá er Landssmiðjan þekkt firmaheiti hér á landi og hefur fyrirtækið

viðskiptasambönd víðsvegar um land. Við samninga um þetta atriði hafa starfsmenn bent á að viðskiptavild fyrirtækisins sé háð persónulegum samböndum einstakra starfsmanna og því, að starfsmenn hafa veitt mjög góða varahluta- og viðgerðaðþjónustu. Starfsmenn telja eðlilegt að tillit sé til þessa tekið þegar viðskiptavild fyrirtækisins er metin við sölu til starfsmannanna sjálfra. Þá hefur verið á það bent að fyrirtækið hefur verið rekið með nokkru tapi undanfarin ár og þó eru húseignir, tæki og vélar að mestu afskrifaðar.

Að öllu þessu athuguðu telur viðræðunefnd ríkisins kaupverð eftir atvikum viðunandi. Um verðmat á vörubirgðum vísast í sérstakt fylgiskjal þar um.

5. Nánar um fasteignir Landssmiðjunnar

Núverandi starfsstöð Landssmiðjunnar við Sölvhólsgötu er að stofni til húseign sem tekin var í notkun árið 1942 auk verkstæðishúss frá árinu 1955. Húsnæðið er óhentugt og áforma starfsmenn að byggja yfir starfsemina á næstu árum. Með það í huga hefur verið samið um að Landssmiðjan hf. geti sagt upp leigusamningi um fasteignirnar með árs fyrirvara. Á árinu 1979 var hafizt handa um byggingu nýs verkstæðishúss fyrir Landssmiðjuna að Skútuvogi 7. Starfsmenn telja að bygging af því tagi, sem þar er áformuð, sé of stór í sniðum og henti ekki starfsemi fyrirtækisins. Forsendur þeirrar fjárfestingar voru enn fremur þær að skipaverkstöð risi við Elliðaárvog. Nú hefur verið horfið frá þeim áformum og hefur forsenda nýbyggingarinnar því brostið að því leyti. Niðurstaðan af viðræðum aðila hefur því orðið sú að ríkið haldi eftir öllum núverandi fasteignum Landssmiðjunnar.

6. Endurskipulag á rekstri Landssmiðjunnar

Í tengslum við úttekt Helga G. Þórðarsonar á rekstri fyrirtækisins og samhliða viðræðum um yfirtöku starfsmanna á fyrirtækinu hefur staðið yfir víðtæk endurskipulagning á rekstrinum og hafa starfsmennirnir haft forustu um þá endurskipulagningu. Helztu markmið endurskipulagningarinnar hafa verið að:

- a) Auka sölustarfsemi
- b) Auka framlegð framleiðsludeilda
- c) Minnka kostnað þjónustudeilda
- d) Minnka kostnað við yfirstjórn
- e) Samræma og einfalda stjórnun fyrirtækisins og gera hana virkari.

Til þess að stuðla að þessum markmiðum hefur m. a. verið gripið til eftirtalinnar aðgerða:

- a) Fest hafa verið kaup á tölvu sem gerir mögulegt að tengja sölustarfsemina betur öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Þá hefur verið gert átak í að efla sölustarfsemi fyrirtækisins.
- b) Starfsaðstaða hefur verið endurskipulögð og áform eru uppi um að koma á bónus þar sem við á.
- c) Lagerar, sem voru á mörgum stöðum, verða nú sameinaðir og verður hægt að fækka starfsmönnum í lagervörzlu. Þá verður öll núverandi starfsemi endurskipulögð og flutt saman á 1. hæð og jarðhæð hússins auk verkstæðishússins og næst þannig verulega aukin samhæfing milli deilda. Eftir endurskipulagninguna munu 2. og 3. hæð Landssmiðjuhússins verða rýmdar og mun það lækka rekstrarkostnað hins nýja fyrirtækis verulega.
- d) Fækkað verður starfsfólki í yfirstjórn. Með tilkomu nýrrar tölvu mun bókhald og eftirlit með rekstri verða einfaldað verulega. Þá verður skrifstofan flutt á fyrstu hæð hússins, og mun það auka samhæfingu starfa og spara mannafla.

Með ofangreindum ráðstöfunum er gert ráð fyrir að fækka megi núverandi starfsfólki um 15—20, þ. e. úr 65—70 mönnum í um 50 starfsmenn, án nokkurs samdráttar í rekstri.

Eftir að ofangreindar hagræðingaraðgerðir hafa komið að fullu til framkvæmda má búast við að rekstrarhorfur fyrirtækisins verði allgóðar. Þá má vænta mikils af þeirri breytingu í rekstri að starfsmenn eignast fyrirtækið og ráða málum þess sjálfir.

7. Afhendingardagur

Samkvæmt samningnum er gert ráð fyrir að afhending fari fram 1. janúar 1985. Til þess að það geti orðið er lagt til að veitt verði heimild til sölunnar sem fyrst og eigi síðar en fyrir jólaleyfi Alþingis í desembermánuði.

Fylgiskjal.

Kaupsamningur um Landssmiðjuna milli ríkisstjórnar Íslands og Landssmiðjunnar hf., dags. 20. september 1984, ásamt fylgiskjölum.

KAUPSAMNINGUR
UM LANDSSMIÐJUNA
MILLI
RÍKISSTJÓRNAR ÍSLANDS
OG
LANDSSMIÐJUNNAR HF.

20. september 1984

Ríkisstjórn Íslands, hér eftir nefnd seljandi, og Landssmiðjan hf., Sölvhólgötu 13, Reykjavík, sem er hlutafélag í eigu starfsmanna Landssmiðjunnar, hér eftir nefnt kaupandi, gera með sér svofelldan

KAUPSAMNING:

1. gr. — Afmörkun hins selda.

Seljandi skuldbindur sig til að selja og kaupandi til að kaupa ríkisfyrirtækið Landssmiðjuna í fullum rekstri með öllum vélum, tækjum og áhöldum, sem fyrirtækið á, ásamt rekstrarbirgðum og viðskiptakröfum eins og þær verða hinn 31. desember 1984. Þá fylgja með í sölunni hlutabréf Landssmiðjunnar í Tollvörugeymslunni hf.

Undanskilin sölu þessari eru hlutabréf Landssmiðjunnar í Iðnaðarbanka Íslands hf. og Sameinuðum verktökum hf. Ennfremur fasteignir Landssmiðjunnar, þ. e.

- a) Fasteignin Skútuvogur 7, Reykjavík
- b) Fasteignin Sölvhólgata 13, Reykjavík
- c) Fasteignin Skúlagata 8, Reykjavík

Þá er undanskilin í sölunni tilraunafiskimjölsverksmiðja, sem unnið hefur verið að á vegum Landssmiðjunnar síðastliðin ár. Skuldir vegna fasteigna ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar og tilraunafiskimjölsverksmiðju, sbr. 8. lið í ársreikningi Landssmiðjunnar 1983 (að undanskildum lánum nr. 0721189 og 4159) eru Landssmiðjunni hf. óviðkomandi.

2. gr. — Ástand hins selda.

Eignirnar eru seldar í núverandi ástandi, sem kaupandi gerir sér fullkomna grein fyrir. Vélar, ökutæki, verkfæri, skrifstofuáhöld, húsgögn og vörubirgðir Landssmiðjunnar voru sérstaklega yfirfarnar í júní 1984 og verðlagðar skv. beiðni Iðnaðarráðuneytisins annars vegar og starfsmanna Landssmiðjunnar hins vegar (sjá fylgiskjal nr. 2).

3. gr. — Umsamið kaupverð.

Umsamið kaupverð sundurliðast þannig:

	Kr.
Vélar og tæki	6 055 638,-
Hlutabréfaeign	60 000,-
Viðskiptavild	1 000 000,-
Lager 01.01.1985	(5 000 000,-)
Viðskiptakröfur	(10 000 000,-)

Samtals Kr. (22 115 638,-)

Það athugast að lager og viðskiptakröfur eru áætlaðar. Verði viðskiptakröfur hærri en viðskiptaskuldir greiðist mismunur á viðskiptaskuldum og viðskiptakröfum þannig:

- Útborgun 30%.
- 70% með skuldabréfi til 8 ára, 1. gjalddagi 01.04.1987, vísitölutryggt, miðað við lánskjaravísitölu 1. janúar 1985.

Verði viðskiptaskuldir hærri en viðskiptakröfur dregst mismunurinn frá útborgun og skuldabréfi í sömu hlutföllum.

Um mat á lager vísast til sérstaks minnisblaðs, sem er fylgiskjal með kaupsamningi þessum. Kaupandi ábyrgist greiðslu á yfirteknum viðskiptakröfum á hendur Landssmiðjunni seljanda að skaðlausu.

Umsamið kaupverð alls hins selda er kr. 22 115 638,- sem kaupandi greiðir á eftirfarandi hátt:

	Kr.
1. Hinn 1. janúar 1985	1 423 128,-
2. Með útgáfu skuldabréfs til 8 ára, verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í júní 1984 á gjalddaga 1. apríl ár hvert, í fyrsta sinn 01.04.1987	5 692 510,-
3. Yfirtaka viðskiptaskulda	(10 000 000,-)
4. Skuldabréf til 4 ára, verðtryggt (miðað við lánskjaravísitölu í janúar 1985) á gjalddögum 1. október ár hvert, í fyrsta sinn 01.10.1986	(5 000 000,-)

Samtals (22 115 638,-)

Vextir af skuldinni, skv. ofangreindum skuldabréfum í lið 2. og 4., skulu eins og hún er á hverjum tíma vera hæstu vextir sem teknir eru af lánskjaravísitölulánum til lengri tíma, skv. ákvörðun Landsbanka Íslands, þó ekki hærri en 5% á ári. Vextirnir skulu greiddir á gjalddögum eftir á, á sama tíma og afborganir, þó þannig að fyrsta greiðsla vaxta af skuldabréfi skv. 2. lið skal fara fram 1. apríl 1986. Greiðslustaður er hjá ríkisfóhúsi. Skuldin skal tryggð með fyrsta veðrétti í hinum seldu eignum, þ. e. vélum, tækjum, áhöldum. Verðtrygging fjárhæða skv. 1. lið og 2. lið miðast við júní 1984. Verðtrygging fjárhæða skv. 4. lið miðast við janúar 1985. Vextir reiknast frá afhendingardegi.

4. gr. — Afhending, arður og gjöld.

Allar hinar seldu eignir skulu afhentar kaupanda til fullra afnota hinn 1. janúar 1985 og miðast uppgjör gjalda við þann dag. Greiðir kaupandi gjöld frá og með þeim degi og hirðir jafnframt arð af hinum seldu eignum frá sama tíma. Kaupandi greiðir opinber gjöld Landssmiðjunnar 1985, lögð á gjaldstofn ársins 1984, sem hluta af uppgjöri viðskiptakrafna og skulda skv. 3. gr. Kröfur, sem upp kunna að koma vegna starfsemi Landssmiðjunnar til ársloka 1984 og ekki er vitað um við afhendingu, eru kaupanda óviðkomandi.

5. gr. — Kvaðir og veðheimildir.

Hlutfé og hlutfjárloforð í Landssmiðjunni hf. skal á yfirtökudegi vera eigi minna en kr. 4 000 000,-.

Seljandi skuldbindur sig til að veita kaupanda veðleyfi í hinni leigðu fasteign vegna lána að fjárhæð allt að kr. 4 000 000,- gegn tryggingum sem metnar verða gildar. Slíkt veðleyfi verður aðeins veitt vegna efnis-, tækja- og vélakaupa sem fasteignaveðs erkrafizt fyrir og þá með baktryggingu í hinum keyptu vörum.

Kaupandi skuldbindur sig til að færa veð þau, sem seljandi veitir veðleyfi fyrir, á fasteignir sem Landssmiðjan hf. kann að eignast.

6. gr. — Um leigu á núverandi fasteignum Landssmiðjunnar.

Seljandi skuldbindur sig til að leigja kaupanda skv. sérstökum leigusamningi til 15 ára, sem er fylgiskjal með samningi þessum, fasteignirnar Sölvhólsgötu 13 og Skúlagötu 8 í Reykjavík, og skal grunngjald leigunnar ákveðið kr. 75,- pr. m² miðað við 1. júní 1984, vísitölutryggt. Tímabilið 1. janúar 1985 til 31. desember 1990 greiðist þó hálfgrunngjald.

Leigusamningurinn er uppsegjanlegur af hálfu kaupanda með árs fyrirvara, í fyrsta sinn 1. janúar 1986. Þó er kaupanda heimilt að segja upp leigu á 3. og 4. hæð hússins með 6 mánaða fyrirvara.

7. gr. — Umboð Landssmiðjunnar fyrir erlenda aðila.

Seljandi mun beita sér fyrir því að núverandi umboð Landssmiðjunnar fyrir erlenda framleiðendur verði yfirfærð til Landssmiðjunnar hf.

8. gr. — Vinna fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki.

Seljandi mun beita sér fyrir því að þau ríkisfyrirtæki og þær ríkisstofnanir sem hafa á undanförnum árum skipt við Landssmiðjuna muni halda því áfram a. m. k. næstu þrjú ár, að því skilyrði uppfylltu að Landssmiðjan hf. verði samkeppnishæf bæði hvað varðar veð og gæði vinnunnar.

9. gr. — Starfsmannamál.

Öllum núverandi starfsmönnum ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar verður sagt upp í septembermánuði miðað við 1. janúar 1985. Landssmiðjan hf. hefur fullt frelsi til að endurráða þá starfsmenn Landssmiðjunnar sem hið nýja fyrirtæki telur nauðsynlegt að endurráða.

10. gr. — Fyrirvarar af hálfu seljanda.

Seljandi gerir fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Alþingis fyrir sölu á Landssmiðjunni. Iðnaðarráðherra mun beita sér fyrir að lagt verði fram stjórnarfrumvarp um heimild til sölu á Landssmiðjunni í október 1984.

11. gr. — Fyrirvarar af hálfu kaupanda.

Kaupandi gerir fyrirvara um samþykki Alfa Laval, Atlas Copco og Dexion fyrir yfirtöku Landssmiðjunnar hf. á umboðum ríkisfyrirtækisins Landssmiðjunnar fyrir nefnd fyrirtæki hér á landi.

12. gr. — Afsal og kostnaður vegna skjala.

Afsal fyrir eignunum, svo og veðskuldabréf, skal gefið út svo fljótt sem verða má, þ. e. þegar lagaheimild liggur fyrir. Stefnt skal að því að gefa út afsal og veðskuldabréf fyrir 31. desember 1984. Kaupandi greiðir kostnað af stimplun og þinglýsingu afsals og veðskuldabréfs, svo og leigusamnings. Hver aðili greiðir eigin kostnað vegna skjalagerðar.

Rísi mál út af kaupum þessum eða samningi skal reka það fyrir Bæjarþingi Reykjavíkur.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum. Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. september 1984.

F. h. Ríkisstjórnar Íslands
Sverrir Hermannsson
Iðnaðarráðherra
Albert Guðmundsson
Fjármálaráðherra

F. h. Landssmiðjunnar hf.
Þorleifur Markússon
Þórður G. Guðlaugsson
Guðm. Finnbjörnsson
Finnbogi Jónsson
Sigurður Daníelsson
Í stjórn Landssmiðjunnar hf.

Vottar:

Halldór J. Kristjánsson
Deildarlögfræðingur
Gunnlaugur Claessen
Ríkislögmaður
Guðm. Malmquist, hdl.
Ásgeir Thoroddsen, hdl.

Fylgiskjöl með kaupsamningi þessum eru:

1. Stofnsamningur hlutafélagsins Landssmiðjunnar hf., dags. 13. september 1984.
2. Landssmiðjan, verðmat á vélum, ökutækjum, verkfærum, skrifstofuáhöldum, húsgögnum og vörubirgðum — júní 1984. (Niðurstöður).
3. Sameiginlegir minnispointar um verðmat á vörubirgðum Landssmiðjunnar vegna sölu til Landssmiðjunnar hf., dags. 20. september 1984.
4. Húsaleigusamningur milli ríkissjóðs og Landssmiðjunnar hf. um leigu á Sölvhólgötu 13 og Skúlagötu 8, dags. 20. september 1984.

Fylgiskjal 1.

Endurrit úr fundargerðarbók:

Undirritaðir aðilar, sem hafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 32/1978 ákveðið að stofna hlutafélag í síðar greindum tilgangi, gera með sér svofelldan

STOFNSAMNING:

- I. Nafn félagsins skal vera Landssmiðjan hf. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.
- II. Tilgangur félagsins er framleiðsla og sala í málmiðnaði, innflutningur, sala og þjónusta á tækjum og búnaði, og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. Hlutafjárhæðin er ákveðin kr. 4 020 000,00 sem skiptist í 402 10 000,00 króna hluti. Stofnendur leggja fram hlutafé sem hér segir í reiðufé; sbr. síðar.
Stofnendur skuldbinda sig til að greiða helming hlutafjárins nú, en eftirstöðvar að jöfnu á árunum 1985 og 1986.
- III. Skrásetningargjöld við félagsstofnunina greiðir félagið sjálft. Engin þóknun greiðist til stofnenda sjálfra.
- IV. Hlutabréfin skulu skráð á nafn eigenda og skal halda nákvæma skrá yfir eigendur hlutabréfa. Eitt atkvæði fylgir hverjum kr. 10 000,00 hlut.
- V. Hluthöfum er eigi skylt að sæta innlausn á hlutum sínum.
- VI. Félagið á sjálft forkaupsrétt á hlutabréfum, sem kunna að vera til sölu, að því marki sem landslög leyfa. Að því frágengnu eiga hluthafar forkaupsrétt í hlutfalli við hlutafjáreign þeirra. Veðsetning hlutabréfa er óheimil, nema með samþykki stjórnar félagsins.
- VII. Engum hlutum í félaginu skulu fylgja nokkur sérréttindi önnur en forgangsréttur til að skrifa sig fyrir nýjum hlutum og forkaupsréttur að fölum hlutum.
- VIII. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum.
Enginn af stofnendum félagsins áskilur sér stöðu hjá félaginu, eða önnur fríðindi.
- IX. Drög að samþykktum félagsins liggja fyrir á fundinum.

Reykjavík, 13.9.1984.

Nafn	Nafnr.	Hlutafé krónur
Ingvar Christiansen (sign)	4764—5123	100 000,00
Torfi Benediktsson (sign)	8914—9193	210 000,00
Haukur Baldursson (sign)	3810—6716	210 000,00
Þorleifur Markússon (sign)	9695—2899	210 000,00
Örn Jónsson (sign)	9918—5627	180 000,00
Þórður G. Guðlaugsson (sign)	9512—6596	210 000,00
Jóhann Krüger (sign)	4983—0319	210 000,00
Jón Hallgrímsson (sign)	5140—6494	210 000,00
Eiríkur Ásgeirsson (sign)	1855—6367	100 000,00
Þormóður Snæbjörnsson (sign)	9705—3006	180 000,00
Hjalti Jóhannesson (sign)	4177—7486	180 000,00
Guðmundur Finnbjörnsson (sign)	3058—5100	210 000,00
Dagnýr M. Marinósson (sign)	1551—3500	180 000,00
Svavar Sigurðsson (sign)	8681—8167	100 000,00
Magnús Jónasson (sign)	6267—8593	100 000,00
Óskar Ármannsson (sign)	6914—7569	100 000,00

Nafn	Nafnr.	Hlutfé krónur
Guðmundur Júlíusson (sign)	3085—7550	180 000,00
Pétur Grímsson (sign)	7090—7267	210 000,00
Finnbogi Jónsson (sign)	2324—0335	210 000,00
Friðrik Ágúst Helgason (sign)	2455—6964	210 000,00
Sigurður Daníelsson (sign)	7847—8292	210 000,00
Birgir Finnbogason (sign)	1117—5287	210 000,00
Sævar Hafsteinsson (sign)	8837—2395	100 000,00

Alls 23 hluthafar.	Hlutfé alls kr.	4 020 000,00
--------------------	-----------------	--------------

Staðfest rétt endurrit

Reykjavík, 20. sept. 1984

Þorleifur Markússon
stjórnarform.

Fylgiskjal 2.

Agúst Jósefsson

Sigurður Daníelsson

Verðmat á vélum, ökutækjum, verkfærum, skrifstofuáhöldum, húsgögnum og vörubirgðum Landssmiðjunnar við Sölvhólgötu, Reykjavík.

Verðmat þetta er framkvæmt að beiðni Iðnaðarráðuneytisins annars vegar og starfsmanna Landssmiðjunnar hins vegar.

Niðurstöður:

	Kr.
1. Vélar og tæki skv. meðfylgjandi matsgerð	5 263 179,00
2. MICRO, PDP 11 tölva ásamt fylgihlutum keypt á árinu 1984	792 459,00
	<hr/>
	Kr. 6 055 638,00

Að beiðni Iðnaðarráðuneytisins annars vegar og starfsmanna Landssmiðjunnar hins vegar hafa undirritaðir framkvæmt verðmat á eignum Landssmiðjunnar öðrum en fasteignum, verðbréfum og óinnheimtum reikningum.

I. Starfsemi Landssmiðjunnar:

Landssmiðjan var stofnuð 1930 og hefur verið starfrækt síðan. Starfsemin hefur lengst af einkennzt af rekstri alhliða járn- og trésmiðju. Verkefni fyrirtækisins voru fjölbreyttari fyrr á árum og mannaflí allt að 200 manns í stað 79 í júní 1984. Hluti framleiðslu- og þjónustugreina hefur verið lagður niður, svo sem tréskipasmíði, trésmíði, mómelsmíði, málmsteypa, eldsmíði og rafvirkjun.

II. Tækjakostur:

Einkennandi er gamall tækjabúnaður sem ýmist nýtist ekki vegna úreldingar eða vegna breytinga í rekstri. Af vélum eru 77% 10—50 ára gamlar og nam viðgerðarkostnaður véla og verkfæra á árinu 1983

..... Kr. 1 386 052,-

og vegna bifreiða

..... Kr. 546 502,-

1 932 554,-

Vélar 1—5 ára eru 12,2% af heildarfjölda og vélar 5—10 ára eru 10,8%.

III. Verðmat:

Við verðmat véla yngri en 10 ára var höfð hliðsjón af nývirði og miðað við 10% afskrift á ári. Eldri vélum en 10 ára var skipt í tvo hópa, þær sem eru enn í notkun og þær sem eru taldar úreltar. Þau tæki sem eru í notkun voru verðlögð eftir ástandi. Úreltar vélar voru ekki verðlagðar en mat gerir ráð fyrir að þær fylgi í kaupum. Svipaðri aðferð var beitt við mat annarra eigna.

IV. Verð:

	Kr.
1. Járnsmíðavélar sbr. fylgiskjal nr. I	3 117 800
2. Trésmíðavélar sbr. fylgiskjal nr. II	114 600
3. Ökutæki sbr. fylgiskjal nr. III	852 000
4. Húsgögn, skrifstofuáhöld sbr. fylgiskjal nr. IV	510 000
5. Verkfæri sbr. fylgiskjal nr. V	668 779
6. Vörubirgðir endurmetist við yfirtöku sbr. tillögu að verðmati, fylgiskjal VI	
Verð án vörubirgða	kr. 5 263 179

Reykjavík, 15. júní 1984.

Ágúst Jósefsson.

Sigurður Daníelsson.

Fylgiskjal 3.

**SAMEIGINLEGIR MINNISPUNKTAR
UM VERÐMAT Á VÖRUBIRGÐUM LANDSSMIÐJUNNAR
VEGNA SÖLU TIL LANDSSMIÐJUNNAR HF.**

- I. Skýringar á birgðum:
1. Fullunnar vörur:
Framleiðsluvörur Landssmiðjunnar á lager.
Sm. hlutir v/samsetn. á varmaskiptum, blásara o. þ. h.
 2. Verk í vinnslu:
Tilboðsverk og verk unnin í tímavinnu skv. verkbókhaldi önnur en viðhaldsvinna v/eigin tækjabúnaðar, húseignar o. þ. h.
 3. Birgðir af efnisvörum:
Efnislager tengist verkstæðisrekstri með efnisútvegum. Birgðir eru ekki skráðar á spjaldskrá. Mest ber á vörutegundum, sem lítið eða ekkert hreyfast milli ára. Innkaup hjá innlendum eða erlendum aðilum eru nú miðuð við einstök verkefni.
 4. Verzlunarvörur:
Varahlutir, hilluefni, vörur frá umboðsaðilum o. fl., svo sem Alfa Laval, Atlas Copco, Hatz, Arnold & Stolzenberg, Dexion o. fl.
- II. Matsverð birgða:
1. Fullunnar vörur:
Kostnaðarverð vörunnar á talningardegi $\times 0,5$.
 2. Verk í vinnslu:
Kostnaðarverð án söluskatts að frádregnum innborgunum skv. verkbókhaldi $\times 0,9$. Meta skal tilboðsverk eftir stöðu þess miðað við tilboðsverð.
 3. Birgðir af efnisvörum:
Innkaupsverð án söluskatts á talningardegi að frádregnum úreltum vörum $\times 0,5$. Fylgja skal úreldingarreglu á vörum og vöruflokkum, sem beitt er við verðlagningu vörutalningar 31/12 1983.
 4. Verzlunarvörur:
Verzlunarvörubirgðir á innkaupsverði án söluskatts að frádregnum þeim vörum sem ekki hafa hreyft í 2 ár $\times 0,5$.
 5. Rafmagnsvörulager sé metinn á kr. 7 500,-
- III. Birgðir af vörum keyptar á lager eftir 1. september 1984 verða seldar á kostnaðarverði.
- IV. Rökstuðningur fyrir matstillögum:
1. Grundvöllur að stuðlinum 0,5 á liðunum 1, 3 og 4 er að lagernum verði velt einu sinni á 5 árum.
 2. Verk í vinnslu telst vera þess virði sem kostnaði nemur í verkbókhaldi.

Reykjavík, 20. september 1984.

F. h. ríkisins
Halldór J. Kristjánsson
form. viðræðunefndar.

F. h. Landssmiðjunnar hf.
Sigurður Daníelsson
form. viðræðunefndar.

Fylgiskjal 4.

Ríkisstjórn Íslands, hér eftir nefnd leigusali, og Landssmiðjan hf., hér eftir nefnd leigutaki, gera með sér svohljóðandi

leigusamning:

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka fasteignirnar Sölvhólgötu 13 og Skúlagötu 8 í Reykjavík. Telst hið leigða vera samtals 2.939 m².

2. gr.

Leigutími er 15 ár frá 1. janúar 1985 að telja. Leigutaka er heimilt að segja samningnum upp með 1 árs fyrirvara á leigutímanum. Enn fremur er leigutaka heimilt að segja upp leigu á 3. og 4. hæð hússins, eða samsvarandi hlutum hins leigða, með 6 mánaða fyrirvara.

3. gr.

Leigutaki greiðir leigusala í leigu grunnjald, sem ákvarðast kr. 75,00 pr. m², vísitölutryggt miðað við vísitölu íbúðarhúsnæðis í júní 1984. Leigan fyrir fyrstu 6 ár leigutímans, þ. e. frá 1. janúar 1985 til 31. desember 1990, skal þó vera hálf grunnjald. Leigan fyrir síðari 9 ár leigutímans, þ. e. frá 1. janúar 1991 til 31. desember 1999, skal vera fullt grunnjald.

4. gr.

Ákvæði laga um húsaleigu skulu gilda um meðferð og viðhald leigutaka á húsum og samskipti leigusala og leigutaka skv. samningi þessum, eftir því sem við á og til fyllingar á samningi þessum.

5. gr.

Leigutaki tekur við hinu leigða hinn 1. janúar 1985. Leigusali greiðir skatta og skyldur af húsum og lóð.

6. gr.

Leigutaka er heimilt, í samráði við leigusala, að breyta húsum og mannvirkjum og setja í þau innréttingar eftir þörfum leigutaka. Breytingar, sem leiða til aukins verðgildis fyrir leigusala, skulu við uppsögn greiddar eftir samkomulagi, og eftir því sem þær nýtast leigusala.

7. gr.

Framleiga á réttindum leigutaka samkvæmt samningi þessum er heimil.

8. gr.

Breytist forsendur samnings þessa í einhverju verulegu, skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að taka upp viðræður í góðri trú um endurskoðun á leigusamningnum.

Samningur þessi er gerður í þremur samhljóða eintökum.

Til staðfestu rita aðilar nöfn sín hér undir í votta viðurvist.

Reykjavík, 20. september 1984.

F. h. Ríkisstjórnar Íslands

F. h. Landssmiðjunnar hf.

Albert Guðmundsson,
fjármálaráðherra

Sverrir Hermannsson,
iðnaðarráðherra

Porleifur Markússon,
stjórnarformaður

Vottar:

Halldór J. Kristjánsson
Gunnlaugur Claessen
Guðm. Malmquist
Ásgeir Thoroddsen.